

Kristín Kristjánsdóttir Hallberg
Brautryðjandi í verkfræði
Viðurkenning Kvennanefndar VFÍ
2013

Kristín Kristjánsdóttir Hallberg varð fyrst íslenskra kvenna til að ljúka námi í verkfræði. Hæfileikar hennar voru vissulega forsenda fyrir þeim sögulega áfanga en fleira þurfti að koma til. Kristín var fædd að Dagverðareyri við Eyjafjörð árið 1919. Hún var bráðger og frábærar námsgáfur hennar ljósar öllum þeim sem til þekktu. Íslenskar sveitastelpur á fjórða áratug 20. aldar gátu hins vegar fæstar gert sér vonir um langa skólagöngu þrátt fyrir næmni og hæfileika. Menntun drengja gekk að jafnaði fyrir hjá barnafjölskyldum. Foreldrar Kristínar gáfu dætrum sínum hins vegar tækifæri til að svala menntapörfinni. Kristín og eldri systir hennar Rannveig hófu báðar nám í gagnfræðadeild Menntaskólans á Akureyri haustið 1933, en þá var Kristín aðeins 13 ára. Hún var yngst bekkjarsystkina sinna en stóð þeim flestum framari við námið. Systurnar frá Dagverðareyri urðu fyrstar kvenna til að hefja nám við stærðfræðideild MA. Kristín varð dúx frá þeirri deild þegar hún brautskráðist frá skólanum sumarið 1938. Sá námsárangur tryggði henni fjögurra ára námsstyrk frá íslenska ríkinu og greiddi Kristínu þannig leið að háskólanámi.

Kristín lauk prófi í efnaverkfræði frá Danmarks Tekniske Højskole (DTH) í Kaupmannahöfn árið 1945. Örfáir Íslendingar höfðu þá lokið námi í þeirri grein og verkefni voru óþrjótandi. Kristín kaus að snúa aftur til Íslands að námi loknu. Hún hóf starfsævina hjá Fiskimálanefnd og vann þar að tilraunum með niðursuðu fiskafurða á árunum 1946–1948. Kristín færði sig hins vegar fljótt lengra upp á land og varði kröftunum í jarðvegs- og grasarannsóknir allt fram á miðjan sjötta áratuginn. Hún starfaði sem sérfræðingur að þeim rannsóknum í búnaðardeild Atvinnudeildar Háskóla Íslands á árunum 1948–1954. Kristín stundaði jafnframt framhaldsnám og rannsóknir í jarðvegsfræðum í Aberdeen í Skotlandi á árunum 1952–1954 með styrk frá British Council. Árið 1955 giftist Kristín, fluttist til Svíþjóðar og starfaði eftir það við framhaldsskólakennslu. Hún lést í Svíþjóð árið 1985.

Stjórn VFÍ heiðraði Kristínu árið 1985 að henni látinni og sæmid hana heiðursmerki félagsins.

Kvennanefnd Verkfræðingafélags Íslands hefur ákveðið að heiðra minningu Kristínar Kristjánsdóttur Hallberg. Hún er merkur brautryðjandi í sögu verkfræðinga og kvenna á Íslandi.